

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarráðs Kópavogsbæjar á auglýstri tillögu að deiliskipulagi.

Boðaðing 5 til 24. Vatnsendi – Þing. Hrafnista. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogsbæjar samþykkt þann 24. ágúst 2006 tillögu að breyttu deiliskipulagi við Boðaðing 5 til 24.

Í tillögunni felst að hjúkrunaríbúðum er fjölgað um 8 og þjónustumiðstöð er stækkuð og sundlaug komið fyrir í kjallara með tilheyrandi tæknirýmum. Boðaðingi 10 til 12 og 16 til 20 sem voru tvö hús með 36 og 32 íbúðum eða alls 68 íbúðum er skipt upp í þrjú hús með 24 íbúðum í hverju húsi eða alls 72 íbúðum. Byggingarreitur húsa Boðaðings 8 til 20 er lengdur um 1 metra og reitur húsa Boðaðings nr. 22 til 24 er lengdur um 7 metra. Byggingarreitur Boðaðings 5 til 24 hækkar um 1 metra. Afmarkaður er reitur fyrir spennistöð. Innakstur frá hringtorgi í norðausturenda lóðar er lagður af.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 11. nóvember 2006.

Smári Smáráson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 17. nóvember 2006